Akstursíþróttasamband Íslands

# Stjórnarfundur AKÍS

**Staður og tími:** Skrifstofa AKÍS - 5.2.2018 kl. 18:00

**Mætt:**
Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Sigurður Gunnar Sigurðsson (SGS), Ragnar Róbertsson (RR), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMÞ), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Stefán Örn Steinþórsson (SÖS)

**Fjarverandi:**
Garðar Gunnarsson (GG), Arnar Már Pálmarsson (AMP), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS)

ÞA ritaði fundargerð.

---

1. **74. Íþróttaþing ÍSÍ 2019**
   Þingið verður haldið 3. - 4. maí næstkomandi í Gullhömrum, Þjóðhildarstíg 2, 113 Reykjavík. AKÍS á rétt á tveimur fulltrúum á þingið.

2. **Ársþing AKÍS**
   Þingið verður haldið 9. mars 2019 og hefst klukkan 11:00. Fyrra fundarboð verður sent út næstkomandi laugardag til aðildarfélaga AKÍS.

3. **eMotorsport - Íslandsmót**
   Komin eru fram fyrstu drög að reglum fyrir keppnir í kappakstursherмum. Stjórn ákvað að lesa reglurnar yfir með það fyrir augum að samþykkja þær seinna í vikunni.

4. **Ferðakostnaðarreglur**
   Útgáfa komin á vefinn.

5. **Kaup á verðlaunagripum**
   Á síðasta fundi stjórnar MSÍ var rætt um mögulegt samstarf við AKÍS varðandi magninnkaup á verðlaunagripum.
   AKÍS mun kanna áhuga hjá aðildarfélögunum á því að gera eitthvað í þessa átt.

6. **Önnur mál**
   **Mótakerfi -** Formanni falið að ræða við Fjárhús vegna núverandi kerfis.
   **Afreksstefna** - Stefnt að samstarfi við MSÍ um mótun stefnu. Málefni þetta verður sett á dagskrá ársþings AKÍS.

7. **Næsti fundur**
   19. febrúar 2019 kl. 18:00 á Google Hangouts.